

Agnes Bragadóttir, blaðamaður.  
Morgunblaðið  
Hádegismóum 2  
110 Reykjavík.

Ásíður Gísladóttir hrl.  
Guðni Bergsson hdl.  
Guðrún Helga Brynleifsdóttir hrl.  
Jóhannes Albert Sævarsson hrl.  
Ólafur Garðarsson hrl.  
Steinar Þór Guðgeirsson hrl.  
Sveinn Andri Sveinsson hrl.  
Tómas Jónsson hrl.  
Lárentínus Kristjánsson hrl.  
Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson hrl.

Reykjavík, 31. janúar 2011.

### **Efni: Krafa um afsökunarbeiðni og greiðslu miskabóta – Aðvörun um málshöfðun.**

Til Lögfræðistofu Reykjavíkur hefur leitað Ingi Freyr Vilhjálmsson, kt. 270980-3769 og falið lögmönnum stofunnar að gæta hagsmuna sinna vegna ærumeiðandi umfjöllunar um hann á forsíðu Morgunblaðsins í dag, 31. janúar 2011, og á blaðsíðu 6 í sama blaði. Í umfjöllun Morgunblaðsins er umbjóðanda okkar gefin að sök refsiverð háttsemi sem margra ára fangelsi liggur við samkvæmt íslenskum lögum.

#### **Málsatvik, málsástæður og lagarök.**

Í áberandi fyrirsögn á blaðsíðu 6 í Morgunblaðinu er fullyrt að umbjóðandi okkar sé með réttarstöðu sakbornings í nánar tilgreindu sakamáli sem er til rannsóknar hjá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi fullyrðing er röng. Sakamálið sem um ræðir hefur verið til rannsóknar hjá lögreglu í meira en ár án þess að löggreglan hafi rætt við umbjóðanda okkar hvað þá heldur að tekin hafi verið af honum lögregluskrýsla. Umbjóðandi okkar er því ekki með réttarstöðu sakbornings í málínu. Sú staðhæfing Morgunblaðsins að tengja umbjóðanda okkar við „njósnatölву“ sem fannst í húsakynnum Alþingis og WikiLeaks er eigin hugarburður Morgunblaðsins og felur í sér alvarlegar ásakanir um refsiverða og síðferðilega ámælisverða háttsemi sem fangelsisrefsing liggur við samkvæmt íslenskum lögum. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, staðfesti í samtali við visi.is í morgun að umbjóðandi okkar væri ekki með réttarstöðu sakbornings vegna rannsóknar á „njósnatölvu“ í húsakynnum Alþingis.

Þær ásaknir sem fram koma í umfjöllun Morgunblaðsins eru rangar. Umbjóðandi okkar hvorki er né hefur verið með réttarstöðu sakbornings í neinu sakamáli sem hefur verið til rannsóknar hjá lögreglu. Enn síður eiga ásakanir Morgunblaðsins þess efnis að umbjóðandi okkar hafi gert mann út af örkinni gegn greiðslu til þess að brjótast inn í tölvur til þess stela upplýsingum við rök að styðjast. Hér er um grafalvarlegar ærumeiðandi aðdróttanir að ræða sem varða við 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Eftirtalin ummæli í umfjöllun Morgunblaðsins um umbjóðanda okkar innhalda refsiverðar aðdróttanir:

*Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins hefur Ingi Freyrs Vilhjálmsson, blaðamaður DV, ... sem skrifað hefur margar greinar og fréttir, sem talðar eru byggðar á hinum stolnu gögnum, réttarstöðu grunaðs manns, því vitni hafa borið að hann hafi fengið unga piltinn til þess að stela umræddum gögnum fyrir sig, gegn þóknun (forsíða).*

*Blaðamaður DV með réttarstöðu grunaðs manns (fyrirsögn, bls. 6).*



*Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður DV, talinn hafa keypt stolin gögn af ungum pilti sem stal gögnunum úr tölvu lögmanns (undirfyrirsögn, bls. 6).*

Meðal þess sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur rannsakað, í sambandi við fundinn á tölvunni dularfullu í húskynnum Alþingis í Austurstræti 8-10 í febrúarbyrjun í fyrra, sem talið er að hafi verið komið þar fyrir hinn 28. desember 2009, eru tengsl milli kærðs, kornungs pilts og Inga Freys Vilhjálmssonar, blaðamanns hjá DV, sem vitni hefur borið um að hafi gert drenginn út af örkinni í þeim ólögmæta tilgangi að brjótast inn í tölvur og stela gögnum.

*Samkvæmt upplýsingum Morgunblaðsins hefur Ingí Freyr stöðu grunaðs manns í rannsóknum lögreglu.*

*Jafnframt hefur Morgunblaðið upplýsingar um að það að vitni hafi greint lögreglunni frá því að pilturinn hafi lagt stund á tölvuinnbrot, að undirlagi blaðamannsins.*

*Álit lagaprófessorsins um að þeir sem leggi á ráðin og stuðli að stuldi, séu almennt séð brotlegir, er sagt vera meginþýringin á kæru forsvarsmanna Milestone, þ.e. að þeir telja að DV og/eða blaðamaður þess, hafi gert ólögráða dreng út af örkinni, til þess að stela gögnum.*

Öll ofangreind ummæli hafa að geyma refsiverðar ærumeiðandi aðdróttanir og varða við 235. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 236. gr. og 1. mgr. 241. gr. sömu laga, en með ummælunum er umbjóðanda okkar gefið að sök að hafa verið samverkamaður í broti á 244. gr. almennra hegningarlaga og eftir atvikum öðrum ákvæðum XXVI. kafla sömu laga um auðgunarbrot. Einnig umbjóðanda okkar jafnframt gefið að sök samverknaður eða hlutdeild í broti gegn Alþingi, en í umfjöllun Morgunblaðsins er fullyrt að umbjóðandi okkar sé með réttarstöðu sakbornings vegna rannsóknar lögreglu á „njósnatölvu“ sem fannst í húskynnum Alþingis. Þá er umbjóðandi okkar einnig sakadur um brot gegn 2. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga með því að hafa hvatt ólögráða einstakling til lögbrota, en allt að 4 ára fangelsi liggar við slíku broti. Af framsetningu umfjöllunarinnar er ljóst að þú berð ábyrgð á henni sem nafngreindur höfundur samkvæmt 2. mgr. 15. gr. prentлага nr. 57/1956. Eftir atvikum bera ritstjórar og/eða útgefandi Morgunblaðsins ábyrgð á fyrirsögnum og undirfyrirsögnum á grundvelli 3. mgr. 15. gr. sömu laga.


## Kröfur.

Kröfur umbjóðanda okkar eru eftirfarandi:

1. Þess er krafist að umfjöllunin um umbjóðanda okkar verði leiðrétt og hann beðinn afsökunar á hinum ærumeiðandi ummælum. Afsökunarbeiðnin verði birt með áberandi letri á forsíðu Morgunblaðsins á morgun, 1. febrúar 2011, og á vefsíðu blaðsins [www.mbl.is](http://www.mbl.is). Þá er sú krafa gerð að send verði fréttatilkynning á aðra fjöldiðla þar sem umbjóðandi okkar er beðinn afsökunar og hin ærumeiðandi ummæli dregin tilbaka.
2. Gerð er krafa um mískabætur að fjárhæð krónur 1.000.000,-.

Ef ekki verður samþykkt að verða við ofangreindum kröfum fyrir klukkan 16:00 í dag, mánudaginn 31. janúar 2011, verður höfðað dómsmál á hendur þér og eftir atvikum á hendur útgefanda og ritstjórum Morgunblaðsins. Áskilinn er réttur til þess að hafa uppi auknar kröfur komi til málshöfðunar s.s. refsíkröfu, hærri fjárkröfu, kröfu um greiðslu birtingarkostnaðar o.s.frv.

Virðingarfyllst,  
Lögfræðistofa Reykjavíkur,



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Afrit sent: *Útgefanda og ritstjórum Morgunblaðsins.*